

Fundur í Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps

33. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps var haldinn 20. Júní 2017 í Þróunarsetrinu á Hólmavík kl. 14.30. Mættir voru: Ingibjörg Emilsdóttir (Strandabyggð), Unnsteinn Árnason (Strandabyggð), Áslaug Guttormsdóttir (Reykhólahreppi) og María Játvarðardóttir félagsmálstjóri sem stjórnaði fundi og ritaði fundargerð. Jenny Jensdóttir (Kaldrananeshreppi) og Oddný Þórðardótti(Árneshreppi) boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Umsókn um fjárhagsaðstoð frá Strandabyggð. Samþykkt og ritað í trúnaðarmálabók.
2. **Málefni fatlaðra.**
 - a. Sótt um sumarþjónustu fyrir fatlað barn í Strandabyggð. Samþykkt og ritað í trúnaðarmálabók.
 - b. Umsókn um sumarþjónustu fyrir fatlað barn í Reykhólahreppi. Ekki hefur tekist að ráða starfsmenn til að halda námskeið í sumar en samþykkt að gera þjónustusamning við foreldra þannig að þau geti sjálf ráðið starfsmann. Ritað í trúnaðarmálabók.
3. **Málefni aldraðra**

Sótt er um heimaþjónustu í Reykhólahreppi. Samþykkt og ritað í trúnaðarmálabók.
4. Önnur mál.

María greindi frá því að hún hefði mætt á fund Félags eldri borgara á Ströndum og gert grein fyrir frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem lagt er til að skylt verði að hafa Öldungaráð í hverju sveitarfélagi. Fundurinn fjallaði um málið en félagsmann eru almennt mjög ánægðir með þá þjónustu sem eldri borgarar fá í Strandabyggð og sjá ekki ástæðu til þess að stofna Öldungaráð að svo stöddu.

María greindi einnig frá þeim vanda sem er í Reykhólahreppi þar sem fagfólk fæst ekki til að sinna fötluðum börnum utan þess tíma sem skóli starfar. Málinu verði vísað til sveitarstjórnar Reykhólahrepps. Rætt um aðra möguleika á þjónustu við barnið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30

Ingibjörg Emilsdóttir

Unnsteinn Árnason

Áslaug Guttormsdóttir